



Fjarnám í Verzlunarskóla Íslands  
2019-2020

Skýrsla fjarnámsstjóra

## Efniyfirlit

Inngangur .....	3
Haustönn 2019 .....	3
Vorönn 2020 .....	4
Tafla 1. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms, reiknaðar út frá nýjum framhaldsskólaeiningum .....	5
Sumarönn 2020 .....	5
Fagnám verslunar og þjónustu .....	6
Tafla 2. Fjöldi nemenda í fagnámi verslunar og þjónustu á vor- og sumarönn 2020 .....	7
Heildarfjöldi eininga skólaárið 2019-2020 .....	7
Tafla 3. Fjöldi nemenda í hefðbundnu fjarnámi og fagnámi verslunar og þjónustu... ..	7
Fjöldi fjarnemenda eftir önnum .....	7
Mynd 1. Fjöldi fjarnemenda VÍ eftir önnum. ....	8
Fjöldi umsækjenda eftir önnum .....	8
Tafla 4. Fjöldi umsækjenda, nemenda og hlutfall milli nemenda og umsækjenda....	9
Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum .....	10
Mynd 2. Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum.....	10
Mæting fjarnemenda í próf eftir önnum.....	10
Mynd 3. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf eftir önnum.....	11
Ársmemendur fjarnáms.....	11
Mynd 4. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir önnum.....	12
Mynd 5. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir árum .....	12
Fjarnámspróf.....	13
Einkunnir fyrir fjarnámspróf.....	13
Mynd 6. Einkunnadreifing fjarnámsáfanga á H19, V20, S20.....	13
Tafla 5. Niðurstöður prófa á H19, V20 og S20.....	14
Tafla 6. Niðurstöður prófa teknar saman .....	15
Fjarnámsgjöld .....	15
INNA.....	16
Blásið til sóknar .....	16
Mynd 7. Fjöldi fjarnemenda VÍ eftir önnum, rauðar súlur tákna vorannir, grænar sumarannir og bláar haustannir.....	16
Mynd 8. Fjöldi fjarnemenda VÍ í greinum á árunum 2016, 2017, 2018, 2019.....	17
Skóli í netheimum.....	18
Lokaorð.....	19
Viðauki.....	20
Tafla 7. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms á árunum 2006-2020.....	21
Dagskrá 29. janúar 2020 .....	22

## **Inngangur**

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur verið rekið í núverandi mynd síðan haustið 2005. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfseminni skólaárið 2019-2020. Til viðbótar við hefðbundna fjarnámið, kom fagnám verslunar og þjónustu til sögunnar á vorönn 2020 og verður því einnig gerð skil hér.

## **Haustönn 2019**

Á haustönn 2019 voru 107 áfangar kenndir, en fleiri áfangar voru í boði. Öllum nemendum sem sóttu um, var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn. Áfangar á haustönn 2019 voru einum fleiri en á haustönn 2018.

Fjarkennarar voru 48 þessa önnina, þar af einn sem hafði ekki fjarkennt áður.

Á haustönn 2019 voru 343 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á haustönn 2019 voru 41 nemendum færri en á haustönn 2018 og fækkaði nemendum því um tæp 11% á milli þessara ára.
- Af 343 nemendum haustannar 2019 voru 34 (9,9%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 309 (90,1%) komu annars staðar frá. Á haustönn 2018 var fjöldi dagskólanemenda í fjarnámi 51 og það hlutfall þá var 13,3%, sem er hlutfallslega mun meiri fjöldi en á haustönn 2019.
- Af 343 nemendum haustannar 2019 voru 66 (19,2%) nemendur grunnskóla, sem er herra hlutfall en á haustönn 2018 því þá var þessi fjöldi 10,4% af heildarfjölda fjarnemenda.
- Af þessum 343 nemendum haustannar 2019 voru konur 209 (60,9%) og karlar 134 (39,1 %) og á haustönn 2018 voru samsvarandi gildi 59,0% og 41,0%.
- Meðalaldur fjarnemenda á haustönn 2019 var 21,3 ár, en á haustönn 2018 var þessi tala ívið hærri eða 22,1 ár. Skýrist þessi munur án efa af herra hlutfalli grunnskólanema á haustönn 2019.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á haustönn 2019 voru nemendur fæddir 2004, en þeir nemendur voru væntanlega í efsta bekk grunnskólans það haustið. Haustið 2018 voru nemendur á þriðja ári í framhaldsskóla (nemendur fæddir 2000) fjölmennasti árgangurinn.
- Hver nemandi tók að meðaltali 7,81 feiningar (4,69 gamlar einingar) á haustönn 2019, en sambærileg tala fyrir haustönn 2018 var 4,73 gamlar einingar. Alls voru 44,7 ársnemendur skráðir í fjarnám á haustönn 2019.

Sjá nánar um nemendur á haustönn 2019 á heimasíðu skólans<sup>1</sup>.

Nemendur haustannar 2019 voru skráðir í 2679 feiningar (1607,4 gamlar einingar). Til lokaprófs skiluðu sér 1728 feiningar (1039,8 gamlar einingar) en það voru 64,5% af þeim

---

<sup>1</sup> <https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/haust-2019/> Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar.

einingum sem lagt var upp með. Á haustönn 2018 skiluðu 71,4% eininga sér til prófs, þessi tala er reiknuð út frá gömlum einingum. Munurinn á þessum tölum á milli ára skýrist af breyttri skráningu í fjarnám sem var tekin upp á haustönn 2019. Með nýja skráningakerfinu staðgreiddu umsækjendur fyrir fjarkennsluna og fengu því fleiri aðgang að kennslukerfinu en áður. Á haustönn 2019 gáfu þreyttar einingar 28,8 ársnemendur, en á haustönn 2018 var þessi tala 37,1 ársnemendur (reiknuð út frá gömlum einingum). Sjá töflu 1.

## **Vorönn 2020**

Á vorönn 2020 voru 108 áfangar kenndir en fleiri áfangar voru í boði. Öllum nemendum sem sóttu um var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn. Áfangar á vorönn 2019 voru alls 103, eða 5 færri en á vorönn 2020.

Fjarkennarar á vorönn 2020 voru 48 og höfðu þeir allir fjarkennt áður.

Á vorönn 2020 voru 411 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á vorönn 2020 var 39 nemendum færri en á vorönn 2019, þetta er tæp 9% fækkun á milli ára.
- Af 411 nemendum vorannar 2020 voru 97 (23,6%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 314 (76,4%) komu annars staðar frá. Þetta hlutfall Verzlunarskólanemenda í fjarnámi er lægra en á vorönninni á undan en þá var það 29,1%.
- Af 411 nemendum vorannar 2020 voru 68 (16,5,0%) nemendur grunnskóla, en á vorönn 2019 voru sambærilegar tölur 63 (14,0%).
- Af 411 nemendum vorannar 2020 voru konur 235 (57,2%) og karlar 176 (42,8%) en á vorönn 2019 var hlutfall kvenna 57,8% og karla 42,2%.
- Meðalaldur fjarnemenda á vorönn 2020 var 20,8 ár, en þessi tala var sambærileg við vorönninni á undan (20,9 ár).
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á vorönn 2020 voru nemendur fæddir 2001, en þeir nemendur voru væntanlega á þriðja ári í framhaldsskóla þetta vorið. Vorið 2019 voru nemendur á þriðja ári í framhaldsskóla einnig (nemendur fæddir 2000) fjölmennasti árgangurinn.
- Að meðaltali tók hver nemandi 7,79 feiningar (4,67 gamlar einingar) á vorönn 2020, en sambærileg tala fyrir vorönn 2019 var 4,44 gamlar einingar. Alls voru 53,3 ársnemendur skráðir í fjarnám á vorönn 2020.

Sjá nánar um nemendur á vorönn 2020 á heimasíðu skólans <sup>2</sup>.

Nemendur vorannar 2020 voru skráðir í 3200 feiningar (1920 gamlar einingar). Til lokaprófs skiluðu sér 2434 feiningar (1460,4 gamlar einingar) en það voru 76,1% af þeim einingum sem lagt var upp með. Á vorönn 2019 skiluðu 77,4% eininga sér til prófs, þessi

---

<sup>2</sup><https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/vor-2020/>. Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar.

tala er reiknuð út frá gömlum einingum. Á vorönn 2020 gáfu þreyttar einingar 40,6 ársnemendur en sambærileg tala fyrir vorönn 2019 var 44,1 ársnemandi (reiknuð út frá gömlum einingum). Sjá töflu 1.

Önn	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársnemendur á önn	Ársnemendur í próf	% Mæting í próf
H19	343	7,81	2679	1728	44,7	28,8	64,5
V20	411	7,79	3200	2434	53,3	40,6	76,1
S20	585	9,45	5527	4026	92,1	67,1	72,8

Tafla 1. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms, reiknaðar út frá nýjum framhaldsskólainingum

## Sumarönn 2020

Á sumarönn 2020 voru 96 áfangar kenndir. Öllum nemendum sem sóttu um var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn.

Fjarkennarar á sumarönn voru 44, allt þaulreyndir fjarkennarar.

Á sumarönn 2020 voru 585 nemendur skráðir í fjarnám, þegar þessi hópur er skoðaður nánar kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á sumarönn 2020 var 154 nemendum fleiri en á sumarönn 2019 og er það 35,7% fjölgun á milli ára.
- Af 585 nemendum sumarannar 2020 voru 67 (11,5%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 518 (88,5%) komu annars staðar frá. Á sumarönn 2019 voru 86 (19,9%) nemenda líka í dagskóla VÍ, og er það hlutfall mun hærra en á sumarönn 2020.
- Af þessum 585 nemendum voru konur 331 (56,6%) og karlar 254 (43,4%). Samsvarandi tölur fyrir sumarönn 2019 voru 54,1% konur og 45,9% karlar.
- Meðalaldur fjarnemenda á sumarönn 2020 var 20,7 ár, en það er sami meðalaldur og á sumarönn 2019 (20,7 ár).
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á sumarönn 2020 voru nemendur fæddir 2002, en þeir höfðu þá væntanlega lokið öðru ári í framhaldsskóla. Á sumarönn 2019 var árgangurinn 2001 fjölmennastur en þeir höfðu þá væntanlega einnig lokið öðru ári í framhaldsskóla.
- Að meðaltali tók hver nemandi 9,45 feiningar (5,67 gamlar einingar) á sumarönn 2020. Sambærileg tala fyrir sumarönn 2019 var 4,73 gamlar einingar. Alls voru því 92,1 ársnemendur skráðir í fjarnám á sumarönn 2020.

Sjá nánar um nemendur á sumarönn 2020 á heimasíðu skólans<sup>3</sup>.

Nemendur á sumarönn 2020 voru skráðir í 5527 feiningar (3316,2 gamlar einingar), til lokaprófs skiluðu sér 4026 feiningar (2421,6 gamlar einingar) en það gera 72,8% af þeim einingum sem lagt var upp með. Á sumarönn 2019 skiluðu 77,2% eininga sér til prófs, þessi tala er reiknuð út frá gömlum einingum. Gáfu þreyttar einingar á sumarönn 2020 alls 67,1 ársnemendur en á sumarönn 2019 gáfu þreyttar einingar 45,0 ársnemendur (reiknuð út frá gömlum einingum).. Sjá töflu 1.

### **Fagnám verslunar og þjónustu**

Á vorönn 2020 fór í gang fagnám verslunar og þjónustu fyrir starfandi verslunarfólk í samstarfi við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks. Námið er 90 einingar og er blanda af fjarnámi og vinnustaðanámi í fyrirtækjunum. Nemendum stendur til boða að fara í raunfærnimat hjá Mími þar sem kunnátta og hæfni hvers og eins er metin til eininga á móti kenndum áföngum. Markmið námsins, er meðal annars að nemendur auki þekkingu sína og færni á vinnustað, þjálfist í að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og geti stýrt verkefnum í verslun í samræmi við skipulag og áætlanir. Sjá nánar á heimasíðu skólans, <https://www.verslo.is/namid/fagnam-verslunar-og-thjonustu/>.

Á vorönn 2020 tóku 3 fyrirtæki þátt í þessu verkefni og alls skráðu 20 nemendur sig til námsins. Námið skiptist upp í 2 lotur á önn og voru áfangar í boði ýmist 2 eða 3 framhaldsskólaeiningar. Fimm áfangar voru í boði í fyrri lotunni og önnuðust 5 kennarar Verzlunarskólans kennsluna, tveir þeirra höfðu ekki fjarkennt áður. Hver nemandi tók að meðaltali 7,4 nýjar framhaldsskólaeiningar í fyrri lotunni. Alls voru þetta 148 einingar og skiluðu sér 84 einingar til prófs. Alls gaf lotan því 2,47 ársnemendur. Mæting í próf var 56,8% og gáfu þreyttar einingar 1,4 ársnemanda. Sjá nánar í töflu 2.

Í seinni lotunni voru 9 áfangar í boði, sömu fimm og voru í boði í fyrri lotunni og fjórir til viðbótar og bættust þrír fjarkennarar í hópinn, þar af einn sem ekki hafði fjarkennt áður. Sautján nemendur skráðu sig í áfanga í seinni lotunni, þrír höfðu hætt námi. Hver nemandi tók að meðaltali 9,2 einingar í þeirri lotu. Alls voru þetta 157 einingar og til prófs skiluðu sér 81 eining. Alls gaf lotan því 2,62 ársnemendur. Mæting í próf var því 51,6% og gáfu þreyttar einingar 1,35 ársnemanda í þeirri lotu. Sjá nánar í töflu 2.

Alls gaf því fagnám verslunar og þjónustu tæplega 3 ársnemendur á þessari fyrstu vorönn.

Á sumarönn 2020 var ein lota í boði og skráðu 11 nemendur sig til náms. Fimm áfangar voru í boði og bættist einn nýr áfangi við í þetta skipti. Fjórir fjarkennarar sinntu kennslunni. Að meðaltali tók hver nemandi 6,6 einingar og alls gera það 73 nýjar framhaldsskólaeiningar. Alls gaf lotan því 1,22 ársnemendur. Til prófs skiluðu sér eingöngu tæplega 10% af þessum einingum og gáfu þær þreyttu einingar aðeins 0,12 ársnemendur. Sjá nánar í töflu 2.

---

<sup>3</sup> <https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/fjarnemendur/sumar-2020/>. Tölur eru eins á heimasíðu og í skýrslu, enda unnar í lok sumarannar.

Önn	Fjöldi nemenda	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Arsnemendur í lotu	Arsnemendur í próf	% Mæting í próf
V20-1	20	7,40	148	84	2,47	1,4	56,76
V20-2	17	9,24	157	81	2,62	1,35	51,59
S20-1	11	6,64	73	7	1,22	0,12	9,59
<b>Alls fagnám</b>	<b>48</b>	<b>7,76</b>	<b>378</b>	<b>172</b>	<b>6,3</b>	<b>2,87</b>	<b>39,31</b>

Tafla 2. Fjöldi nemenda í fagnámi verslunar og þjónustu á vor- og sumarönn 2020

### Heildarfjöldi eininga skólaárið 2019-2020

Þegar talinn er saman einingafjöldi sem hefðbundna fjarnámið og fagnám verslunar og þjónustu skilaði skólaárið 2019 – 2020, kemur í ljós að ársnemendur eru tæplega 200. Rúmlega 70% af einingum skiluðu sér til prófs og þreyttar einingar voru gáfu tæplega 140 ársnemendur. Sjá nánar í töflu 3.


Fjarnám og fagnám	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Arsnemendur á önn	Arsnemendur í próf	% Mæting í próf
H19	2679	1728	44,7	28,8	64,5
V20	3505	2599	58,4	43,3	74,2
S20	5600	4033	93,3	67,2	72,0
<b>Alls fjarnám</b>	<b>11784</b>	<b>8360</b>	<b>196,4</b>	<b>139,3</b>	<b>70,2</b>

Tafla 3. Fjöldi nemenda í hefðbundnu fjarnámi og fagnámi verslunar og þjónustu

### Fjöldi fjarnemenda eftir önnum

Þegar fjöldi nemenda í fjarnámi Verzlunarskólans er skoðaður eftir önnum, má almennt segja að fjöldinn vaxi frá önn til annar, fram til ársins 2010 en þá var niðurskurðarhnífurinn settur á loft. Frá þeim tíma hefur fjöldi fjarnemenda verið á bilinu 350-750 á önn. Sumarönn 2015 sker sig út vegna nýnema í vélritun og/eða á undirbúningsnámskeiði í stærðfræði. Nemendur sumarannar 2020 eru fleiri en á sumarönnum þar á undan og þarf að fara aftur til ársins 2014 til að finna álíka fjölmenna sumarönn. Þarna skilar sér án efa lækkun

fjarnámsgjalda sem var ákveðin á vorönn 2020. Þetta kemur fram á mynd 1. Upplýsingar um fjölda nemenda á önn má sjá í töflu 7 í viðauka.



Mynd 1. Fjöldi fjarnemenda VÍ eftir önnum.

Sumar- og vorannir eru alla jafnan fjölmennastar og haustannirnar fámennastar. Það helst í hendur við það að nemendur dagskóla Verzlunarskólans og annarra bekkjaskóla eru fjölmennastir á sumar- og vorönnum því þá eru þeir margir að taka upp falláfangi frá önninni á undan. Einnig má benda á það hér að nú eru allir framhaldsskólar landsins farnir að útskrifa nemendur af þriggja ára stúdentsbrautum sem þýðir væntanlega að framhaldsskólanemendum á landinu hefur fækkað um allt að fjórðung.

### ***Fjöldi umsækjenda eftir önnum***

Tölur um fjölda umsækjenda á önn eru til frá haustönn 2010. Þá sóttu 773 nemendur um að komast í fjarnám VÍ, en vegna niðurskurðar voru einungis 311 nemendur teknir inn en það er einungis 40% af heildarfjölda umsækjenda. Þetta hlutfall er um 90% á næstu önnum á eftir. Hlutfall þeirra sem fá aðgang að fjarnáminu af heildarfjölda umsækjenda hefur farið hækkandi og var 98% á haustönn 2018. Síðustu annir hefur þessi fjöldi verið ívið lægri. Það skal tekið fram að öllum nemendum sem sækja um fjarnámið er boðinn aðgangur. Þeir nemendur sem ekki fá aðgang að fjarnáminu, velja sjálfir að greiða ekki gjöldin og taka ekki þátt. Sjá töflu 4.

Á haustönn 2020 var umsóknavefur INNU nýttur í fyrsta sinn til að skrá nemendur í fjarnám og þar staðgreiða umsækjendur fyrir fjarnámið. Með því móti fá allir þeir sem sækja um fjarnám, aðgang að kennslukerfinu. Þar með fá fleiri aðgang að fjarnáminu en í raun nýta sér hann og hefur það í för með sér lægri hlutfallsmætingu í próf og fleiri árnemendur á önn en ella hefði orðið.



Önn	Umsækjendur	Nemendur	Nemendur/Umsækjendur	Umsækjendur sem ekki fá aðgang	Meðaltal ára
H-10	773	308	0,40	465	
V-11	818	721	0,88	97	0,9
S-11	808	728	0,90	80	
H-11	577	522	0,90	55	
V-12	714	627	0,88	87	0,9
S-12	643	572	0,89	71	
H-12	619	574	0,93	45	
V-13	689	641	0,93	48	0,92
S-13	773	698	0,90	75	
H-13	586	545	0,93	41	
V-14	737	694	0,94	43	0,92
S-14	685	604	0,88	81	
H-14	546	512	0,94	34	
V-15	627	608	0,97	19	0,95
S-15	993	940	0,95	53	
H-15	604	570	0,94	34	
V-16	626	574	0,92	52	0,92
S-16	518	472	0,91	46	
H-16	433	403	0,93	30	
V-17	465	446	0,96	19	0,96
S-17	497	475	0,96	22	
H-17	386	372	0,96	14	
V-18	565	544	0,96	21	0,96
S-18	508	472	0,93	36	
H-18	393	384	0,98	9	
V-19	462	450	0,97	12	0,97
S-19	465	438	0,94	27	
H-19	343	343	1,00	0	
V-20	411	411	1,00	0	1,00
S-20	585	585	1,00	0	


Tafla 4. Fjöldi umsækjenda, nemenda og hlutfall milli nemenda og umsækjenda.

Fjöldi umsækjenda eftir önnum frá haustönn 2010 er á bilinu 400-800. Sumarönn 2015 sker sig úr en þá skráðu tæplega 200 nýnemar VÍ sig í fjarnám í vélritun og/eða á undirbúningsnámskeið í stærðfræði. Þessi súla er því of há og ætti að vera undir 750 markinu. Á síðustu þremur haustönnum fer þessi fjöldi þó undir 400 manns.

## Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum

Meðaleiningafjöldi sem hver fjarnemandi tekur á önn hefur verið á bilinu frá 4 til 6 einingar frá og með vorönn 2006 og til og með sumarönn 2020. Flestar einingar að meðaltali á önn tóku nemendur á haustönn 2009 (6,2 einingar), en færstar á sumarönn 2015 (4,1). Þessi tala frá sumarönn 2015 er miðuð við þá tæplega 200 nemendur sem tóku vélritunaráfangann sem er aðeins ein eining. Ef þeir nemendur eru ekki taldir með, þá hækkar þessi tala í 4,9. Næst lægsta gildið er frá vorönn 2019, en þá tók hver nemandi að meðaltali 4,4 einingar á önn. Hér er alls staðar verið að tala um gamlar einingar Sjá mynd 2 og töflu 7 í viðauka.

Ef mynd 2 er skoðuð nánar, kemur í ljós að meðaleiningafjöldi nemenda á önn lækkaði á niðurskurðarárinu 2010, miðað við fyrri annir og hefur verið lægri síðan miðað við annir fyrir 2010. Meðaleiningafjöldinn hækkaði þó mikið á sumarönn 2020 og má án efa rekja það til atvinnuleysis í tengslum við covid-19 og að margir hygga á háskólanám.




Mynd 2. Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum

## Mæting fjarnemenda í próf eftir önnum

Mæting í próf eftir önnum var um 60% frá og með vorönn 2006 og til og með vorönn 2010. Undantekning er sumarönn 2006, en þar var mæting í próf nálægt 78%. Hafa skal í huga þegar mæting í próf er skoðuð að á fyrstu önnum fjarnámsins fengu nemendur endurgreidd kennslugjöld fyrir það eitt að mæta í próf. Frá haustönn 2010 hefur mætingin í próf hins vegar verið yfir 70%, undantekning eru þó haustannir 2012 til og með 2015 og vorannir 2014 og 2019. Mætingin í próf á sumarönn 2017 og vorönn 2019 var 77,4% og hefur hún ekki verið svona mikil síðan á sumarönn 2006. Mæting nemenda í próf hefur verið yfir 70% frá og með vorönn 2016, undantekning er haustönn 2019 en þá var nýtt skráningakerfi tekið í gagnid og nemendur staðgreiddu gjöldin við skráningu sem leiddi til þess að

hlutfallslega fleiri voru skráðir til náms en sinntu því í raun. Mæting í próf á vorönn 2020 var þó ásættanleg, eða 76,1%.

Ef meðalmæting nemenda á öllum önnum er tekin saman, kemur í ljós að hún er tæplega 69%. Markmiðið er að yfir 80% eininga skili sér til prófs á hverri önn. Sjá nánar á mynd 3 og í töflu 7 í viðauka.



Mynd 3. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf eftir önnum


## Ársmemendur fjarnáms

Ársmemendur eru taldir út frá þeim einingum sem skila sér til prófs. Miðað er við að hver ársnemandi taki 35 (gamlar) einingar á ári. Ársmemendur á önn voru á bilinu 60 til 70 á fyrstu önnum fjarnámsins. Árið 2008 fór ársnemendafjöldinn á önn upp í 70 til 80, en hækkað ört á árinu 2009 og náði hámarki á sumarönn 2009 en þá fór ársnemendafjöldinn á önn yfir 100. Eftir það fór ársnemendafjöldinn lækkandi og náði hann lágmarki á haustönn 2010.

Ársmemenda fjöldinn hefur verið á bilinu frá 40-80 síðustu annir, ívið lægri á haustönnum en á sumar- og vorönnum. Ársmemenda fjöldinn á haustönn 2018 var 37,1 og 29,7 á haustönn 2019 og er það lægsta tala sem komið hefur frá upphafi og því full ástæða til að blása til sóknar í fjarnáminu eins og vikið verður að síðar í þessari skýrslu. Sjá mynd 4 og töflu 7 í viðauka.


Á þremur önnum árið 2006 gaf fjarnámið af sér 198,3 ársnemendur. Árið 2007 fækkaði ársnemendum niður í 191,9, en þá var hætt að endurgreiða kennslugjaldið til þeirra nemenda sem mættu í próf. Árið 2008 gaf fjarnámið af sér 235,9 ársnemendur og árið eftir 285,3. Á niðurskurðarárinu 2010 fór fjöldi ársnemenda niður í 223 og árið eftir var ársnemendafjöldinn svipaður eða 221. Árið 2012 var fjöldi ársnemenda tæplega 200 og

svipaður árið 2013. Árið 2014 fór ársnemenda fjöldinn niður í 185,1. Á árinu 2015 fór fjöldi ársnemenda í 202,8 en hafa þer í huga þegar sú tala er metin að þarna munar um nokkra ársnemendur sem nýnemar í vélritun skiluðu á sumarönn 2015.



Mynd 4. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir önnum

Árið 2016 var fjöldi ársnemenda rétt rúmlega 150, en stefnt hafði verið að því að fjöldinn færi ekki upp yfir 150 það árið. Ársnemendafjöldinn árið 2017 var rétt undir 150 og árið 2018 var hann ívið hærri en þó undir 150. Árið 2019 hrapaði ársnemendafjöldinn niður í 119 og þá full ástæða til að skoða betur fjarnámið okkar og blása til sóknar. Þetta kemur fram á mynd 5. Tölur eru fengnar úr töflu 7 í viðauka.



Mynd 5. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir árum

Það sem af er árinu 2020 er ársnemendafjöldinn um 111 og stefnir í að verða yfir 150 sem er ásættanlegt þetta árið.

## Fjarnámspróf


Fjarnámspróf eru aðallega tekin í húsnæði Verzlunarskóla Íslands, en líka vítt og breytt um heimskringluna. Á hverri önn eru ævinlega um 25-30% prófa skráð annars staðar en í húsnæði Verzlunarskólans. Flest eru þau fjarnámspróf tekin í framhaldsskólum á landinu, en þar sem því verður ekki viðkomið þá eru þau tekin í grunnskólum í heimabyggð nemandans. Á einstaka stað sjá háskólasetur, þekkingasetur eða fræðslunet um fjarnámsprófin. Erlendis taka nemendur próf í sendiráðum, hjá ræðismönnum, í skólum í heimabyggð nemandans eða hjá einhverjum öðrum aðila sem fjarnámsstjóri treystir.

Ábyrgðarmenn fá skýrar leiðbeiningar um framkvæmd prófa, svo sem eins og hve langan tíma próf má taka og hvaða leyfileg hjálpargögn nemendur mega hafa við próftökuna. Einnig er lögð áhersla á að tryggja þurfi nemendum næði við próftökuna.

Á vorönn 2020 brá svo við að ekki var hægt að taka fjarnámsprófin víða um heim, vegna covid-19. Próf þurftu því að fara fram með óhefðbundnum hætti þá önnina. Í sumum tilfellum breyttu kennarar námsmati í áföngum og höfðu þá lokaprófslausu, í öðrum tilfellum fengu nemendur að taka lokapróf heima og nýttu þá kennarar ýmis forrit til þess, svo sem Teams, Innu eða Moodle. Um helmingur áfanga var þó með hefðbundin próf og fóru flest þeirra fram í húsakynnum Verzlunarskólans. Séð var til þess að gæta fyllstu tilmæla sóttvarnaryfirvalda eins og að hafa að hámarki 100 manns á prófasvæði, hafa 2 m á milli próftaka, spritta borð og aðra snertifleti og bjóða þeim sem það vildu að nota grímur eða hanska. Lokaprófin á sumarönn voru með svipuðum hætt.

## Einkunnir fyrir fjarnámspróf

Ef lokaekunnir fjarnemenda á önnunum þremur (haustönn 2019, vorönn 2020 og sumarönn 2020) sem þessi skýrsla fjallar um eru skoðaðar, kemur í ljós að meðaltal þeirra er 6,39. Miðgildið er 7 og tíðasta gildið er 7. Einkunnadreifingin kemur fram á mynd 6.



Mynd 6. Einkunnadreifing fjarnámsáfanga á H19, V20, S20

Önn	Meðaltal	Miðgildi	Tíðasta gildi	% einkunnir ≥ 5	% einkunnir ≤ 4	% mæting í próf	% staðnir áfangar
H19	6,5	7	9	79,89	20,11	64,7	51,7
V20	6,8	7	8	83,37	16,63	76,1	63,4
S20	6,1	7	7	75,77	24,23	73	55,3
Meðaltal H19-S20	6,46	7	8	79,68	20,32	71,27	56,8

Tafla 5. Niðurstöður prófa á H19, V20 og S20

Samkvæmt þessu, þá eru tæplega 80% lokaekunnna á öllum önnunum þremur sem hér um ræðir stærri eða jafnt og 5 og rúmlega 20% undir 5. Þar sem 71,3% mæting var að meðaltali í próf þessar þrjár annir, þá lýkur 56,8% af öllum áföngum þessara þriggja anna með stöðnum einingum, en í 43,2% áfanga mæta nemendur annað hvort ekki í próf eða fá falleinkunnir fyrir áfangann.

Samskonar úttekt hefur verið gerð sex sinnum áður, það er fyrir skólaárin 2013-2014, 2014-2015, 2015-2016, 2016-2017, 2017-2018 og 2018-2019. Samanburður á þessum úttektum sýnir að hlutfall einkunna sem eru stærri eða jafnt og fimm er á svipuðu róli þessi sex tímabil, eða í kringum 75%. Hlutfall staðinna áfanga fer hins vegar hækkandi á milli þessara tímabila, frá 51,2% skólaárið 2013-2014 til 57,7% skólaárið 2018-2019. Skiptir þar mestu máli að meðalmæting nemenda í próf hækkar eftir því sem árin líða. Hlutfall staðinna áfanga lækkar hins vegar á skólaárinu H19-S20 og skiptir þar mestu máli að mætingin í próf hefur lækkað hlutfallslega á þessu tímabili, mest þó á haustönn 2019. Skýringin felst í því að á haustönn 2019 var byrjað að nýta INNU til skráninga í fjarnám og þar staðgreiða umsækjendur og fá allir aðgang að kennslukerfinu.

Til eru sambærilegar tölur frá árin 2006 og 2007 og þar kemur í ljós að rúm 10% nemenda fá einkunn 1. Þessi ár var nemendum endurgreitt fyrir að mæta í próf og margir nýttu sér það og skiluðu nánast auðu prófblaði og fengu einkunn 1. Á þessum sex önnum 2006 og 2007 voru 67,6% prófa með einkunnir hærri eða jafnt og 5, en 32,4% prófa með falleinkunnir (einkunnir 1 til 4). Meðalmæting í próf var 62,4% á árunum 2006 og 2007 sem merkir að 42,2% prófa lauk með stöðnum framhaldsskólaeiningum. Sjá töflu 6.

Þegar tölur í töflu 6 eru skoðaðar kemur í ljós að meðalmæting í próf hefur hækkað síðan á árunum 2006 og 2007 og áföngum sem lýkur með stöðnum einingum hefur fjölgað hlutfallslega.

Önn	Meðaltal	Miðgildi	Tíðasta gildi	% einkunnir ≥ 5	% einkunnir ≤ 4	% mæting í próf	% staðnir áfangar
Allar annir 06 og 07	-	-	5	67,6	32,4	62,4	42,2
H13, V14, S14	5,82	6	6	73,4	26,6	69,8	51,20
H14, V15, S15	5,99	6	7	74,9	25,1	69,8	52,30
H15, V16, S16	6,01	6	7	76,5	23,5	71,3	54,50
H16, V17, S17	5,88	6	6	74,6	25,4	73,8	55,10
H17, V18, S18	6,06	6	6	77	23	73,4	56,50
H18, V19, S19	6,17	7	7	76,67	23,33	75,3	57,70
H19; V20, S20	6,46	7	8	74,38	25,62	71,3	53,01
Meðaltal H13-S20	6,06	6	7 og 8	75,35	24,65	72,10	54,33

Tafla 6. Niðurstöður prófa teknar saman

Þegar horft er yfir farinn veg kemur í ljós að fjarnámskerfið allt er skilvirkara en áður, samanburður á einkunnum frá árunum 2006 og 2007 annars vegar og skólaáranna 2013-2020 hins vegar leiðir það í ljós. Á fyrra tímabilinu lauk rúmlega 40% skráðra áfanga með stöðnum framhaldsskólaeiningum en á því síðari á milli 50 og 60%. Skýringin á þessu er án efa sú að allt kerfið okkar vinnur betur nú en fyrr. Fjarkennarar eru orðnir öruggari í sínu starfi, kennslukerfið er orðið þjálla, tölvurnar eru orðnar betri og tölvukunnáttu nemenda hefur fleygt fram.

### Fjarnámsgjöld

Í byrjun árs 2011 var ákveðið að hækka fjarnámsgjöldin umtalsvert og hafa kennslugjaldið 4500 krónur á einingu en það var áður 3000 kr á einingu. Ákveðið var þó að halda skráningargjaldinu áfram í 6000 krónum. Þessi verðskrá var í gildi út árið 2015. Í janúar 2016 var ákveðið að hækka kennslugjaldið í 6000 krónur per einingu og skráningargjaldið í 7200 krónur.

Á vorönn 2020 var kennslugjaldið felld niður hjá grunnskólanemendum og þeir greiddu því aðeins skráningargjaldið (7200 kr) fyrir önnina. Á sumarönn 2020 var kennslugjaldið lækkað niður í 4500 kr per einingu og skráningargjaldið í 6000 krónur per önn. Ofangreindar tölur eru allar miðaðar við gamlar einingar, en 4500 kr per gamla einingu merkir 2700 kr per nýja einingu. Miðað við þetta þá kostar 5 eininga áfangi nemandann 13500 krónur og svo bætast við 6000 kr skráningagjald á önn. Grunnskólanemendur greiða aðeins skráningargjaldið á hverri önn, óháð því hvað þeir taka margar einingar. Nemendur Verzlunarskólans borga ekki skráningargjald.

## INNA


Á haustönn 2019 var umsóknakerfi INNU tekið í notkun fyrir skráningar umsækjenda í fjarnám. Á heimasíðu skólans var settur tengill á skráningasíðu INNU. Þegar umsækjandi skráir sig, þarf hann að skrá upplýsingar um greiðslukort og áður en önnin hefst, er gjaldfært af kortunum. Með þessu móti sparast mikil vinna við umsýslu fjarnámsgjalda, auk þess sem staðgreiðslan gerir það að verkum að allir nemendur sem sækja um fjarnám, eru skráðir í í INNU og kennslukerfið (Moodle) og teljast þar með til fjarnemenda.

## Blásið til sóknar

Í ljósi þess að fjarnemendum fór fækkandi frá önn til annar og náði lágmarki á haustönn 2019, var ákveðið að blása til sóknar í fjarkennslumálum. Hugmyndin kom upp í kennsluteyminu þegar verið var að ræða mat á gæðum skólastarfs. Stefnt var að því að hafa vinnudag í byrjun vorannar þar sem fjarkennslan yrði skoðuð og haft í huga hvernig aðferðafræði fjarkennslunnar gæti nýst staðbundinni kennslu í dagskólanum. Átakið hófst með bréfum sem fjarnámsstjóri sendi til allra kennara skólans þar sem jarðvegurinn fyrir sókninni var undirbúinn.

## Bréf 1

Fjöldi fjarnemenda okkar fer minnkandi frá önn til annar. Á myndinni hér fyrir neðan kemur þetta vel fram:



Mynd 7. Fjöldi fjarnemenda VÍ eftir önnum, rauðar súlur tákna vorannir, grænar sumarannir og bláar haustannir.

Skýringar sem gætu verið á þessu eru meðal annarra:

- Vegna styttingar náms til stúdentsprófs hefur nemendum á framhaldsskólaaldri fækkað.




- Símatásaföngum í öllum skólum hefur fjölgað og þar með fækkar nemendum sem falla í áföngum.
- Fleiri skólar bjóða uppá fjarnám nú en fyrr.

Við þurfum að bregðast við þessu og passa vel uppá gæði fjarnámsáfanga okkar.

## Bréf 2

Fjöldi fjarnemenda okkar fer minnkandi í flestum greinum frá önn til annar. Á myndinni hér fyrir neðan er fjöldi fjarnemenda í greinum síðustu fjögur árin. Á þessum tíma hefur orðið um 20% fækkun á fjölda fjarnemenda.



Mynd 8. Fjöldi fjarnemenda VÍ í greinum á árunum 2016, 2017, 2018, 2019.

Ef rýnt er í gögnin á bak við þessar tölur kemur m.a. þetta í ljós:

- Nemendum VÍ, MA og annarra bekkjaskóla hefur fækkað í fjarnámi hjá okkur.
- Nemendum með stúdentspróf eða annað lokapróf úr framhaldsskólum hefur fjölgað hjá okkur. Þessir nemendur eru að taka viðbótaráfanga vegna fyrirhugaðs framhaldsnáms. Algengast er að þeir taki framhaldsáfanga í dönsku, eðlisfræði, efnafræði, ensku eða stærðfræði.
- Grunnskólanemendum hefur einnig fjölgað og algengast er að þeir taki byrjunaráfanga í dönsku, ensku eða stærðfræði.

- Athyglisvert er að nemendum í listgreinum hefur líka fjölgað og skýringin gæti verið að í sumum skólum þurfa nemendur nú að taka slíka áfanga til að útskrifast með stúdentspróf.

Við þurfum að bregðast við þessu og passa vel uppá gæði fjarnámsáfanga okkar.

### **Bréf 3**

Fjöldi fjarnemenda okkar fer minnkandi frá önn til annar. Við þurfum að bregðast við þessu og passa vel uppá gæði fjarnámsáfanga okkar. Gæðin endurspeglast m.a. í:

- Skipulagi áfanga
- Samskiptum við nemendur
- Framsetningu efnis

En þá er eftir að skoða framsetningu efnis.

### **Bréf 4**

Námsefnið á að auðvelda nemendum að ná markmiðum sínum og framsetning þess skiptir þar miklu máli. Innihaldið er að sjálfsgöðu ekki síður mikilvægt, þar eruð þið sérfræðingar á ykkar sviðum og vitið best hvaða faglega innihald hentar hverjum áfanga og hvaða kennslufræðilegu aðferðir henta hverju sinni. Við þurfum að skoða betur framsetningu námsefnis hjá okkur og auka hljóð- og sjónefni

- Skólinn hefur nýverið fest kaup á gagnvirkum sjónvarpsskjá sem nota má við slíka námsefnisgerð.
- Talglærur er hægt að gera á auðveldan hátt í fartölvum, eða í upptökuverinu okkar.
- Farsímarnir gefa kost á námsefnisgerð.

Hvað þurfum við til að bæta framsetningu námsefnis: Fleiri forrit? Fleiri tæki? Námskeið?

Vinnudagur með heitinu „Blásið til sóknar“ var síðan þann þann 29. janúar 2020 og þar var fjallað um málefni fjarkennslunnar við skólann. Fjarnámsstjóri var með inngangserindi og síðan voru vinnustofur þar sem fjarkennarar sýndu ýmislegt áhugavert varðandi skipulag og námsefnisgerð. Sjá nánar dagskrá vinnudags í lok þessarar skýrslu.

Í framhaldinu var síðan farið í ýmsar endurbætur, eins og námskeið í að búa til rafrænt kennslufni (Snagit og Camtasia), möguleika á beinum samskiptum (Teams) og nýr búnaður var settur upp í stúdío Verzló.

## **Skóli í netheimum**

Þann 7. apríl 2020 fluttum við Ásta Henriksen erindi á ráðstefnu sem bar nafnið *Online Schooling vs Remote Learning*. Fyrirlesarar voru frá Ástralíu, Bretlandi, Bandaríkjum Norður Ameríku og Íslandi en ráðstefnustjórar voru staðsettir í Barcelona á Spáni. Þátttakendur voru tengdir í gegnum Zoom en síðan var fyrirlestrum og umræðum streymt á Youtube svo áheyrendur alls staðar að úr heiminum gætu fylgst með.

Í máli okkar Ástu kom meðal annars fram að þrennt væri það sem skipti höfuð máli varðandi fjarkennslu: **Skipulag, samskipti og sköpun.**

- Skipulag - Kennarinn þarf að skipuleggja námið fyrir nemandanum, hann er farastjórinn sem vísar veginn og hleður vörðurnar.
- Samskipti - Nemandinn þarf að finna að kennarinn er til staðar og styður hann í námsferlinu.
- Sköpun - Verkefnin þurfa að virkja sköpunargleði nemandans og kennslan að virkja sköpunargleði kennarans líka.

### **Lokaorð**

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur nú verið rekið með óbreyttu sniði í 15 ár. Á þessum tíma hafa kennarar skólans byggt upp metnaðarfulla áfanga í kennsluferfinu og staðið fyrir kröftugri fjarkennslu. Kerfisstjóri og kerfisfræðingur hafa séð til þess að tæki og tól virki eins og best verður á kosið, því ekki má gleyma að á bak við öflugan fjarnámsskóla er mikil tækniþekking. Á vorönn 2020 kom þessi þekking að góðum notum, þegar öll kennsla skólans þurfti að fara fram með fjarkennslusniði vegna covid-19. Má segja að einkunnarorð fjarnámsins okkar: Skipulag-Samskipti-Sköpun hafi þar sannað gildi sitt.

Reykjavík 2. október 2020  
*Sigurlaug Kristmannsdóttir*  
fjarnámsstjóri VÍ

## Viðauki

Önn	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársnemendur í próf	% Mæting í próf
V06	744	5,23	3889	2471	70,6	63,5
S06	509	5,65	2877	2243	64,1	78,0
H06	665	5,47	3640	2227	63,6	61,2
<b>Alls fjarnám 06</b>	<b>1918</b>	<b>5,43</b>	<b>10406</b>	<b>6941</b>	<b>198,3</b>	<b>66,7</b>
V07	690	5,36	3699	2140	61,1	57,9
S07	659	5,42	3572	2186	62,5	61,2
H07	754	6,05	4558	2390	68,3	52,4
<b>Alls fjarnám 07</b>	<b>2103</b>	<b>5,62</b>	<b>11829</b>	<b>6690</b>	<b>191,9</b>	<b>56,56</b>
V08	811	5,98	4846	2739	78,3	56,5
S08	714	5,65	4037	2720	77,7	67,4
H08	815	5,70	4648	2796	79,9	60,2
<b>Alls fjarnám 08</b>	<b>2340</b>	<b>5,78</b>	<b>13531</b>	<b>8255</b>	<b>235,9</b>	<b>61,01</b>
V09	895	5,96	5331	3119	89,1	58,5
S09	979	5,87	5744	3516	100,5	61,2
H09	900	6,19	5567	3350	95,7	60,2
<b>Alls fjarnám 09</b>	<b>2774</b>	<b>6,00</b>	<b>16642</b>	<b>9985</b>	<b>285,3</b>	<b>60,00</b>
V10	923	6,02	5553	3422	97,8	61,6
S10	889	5,04	4479	3069	87,7	68,5
H10	308	5,75	1771	1313	37,5	74,1
<b>Alls fjarnám 10</b>	<b>2120</b>	<b>5,57</b>	<b>11803</b>	<b>7804</b>	<b>223,0</b>	<b>66,12</b>
V11	721	5,44	3923	2815	80,4	71,8
S11	728	5,24	3816	2807	80,2	73,6
H11	522	5,70	2976	2129	60,8	71,5
<b>Alls fjarnám 11</b>	<b>1971</b>	<b>5,44</b>	<b>10715</b>	<b>7751</b>	<b>221,5</b>	<b>72,34</b>
V12	627	5,52	3464	2592	74,1	74,8
S12	572	5,24	2997	2184	62,4	72,9
H12	574	5,35	3071	2126	60,7	69,2
<b>Alls fjarnám 12</b>	<b>1773</b>	<b>5,38</b>	<b>9532</b>	<b>6902</b>	<b>197,2</b>	<b>72,41</b>
V13	641	5,33	3417	2396	68,5	70,1
S13	698	5,00	3493	2536	72,5	72,6
H13	545	5,25	2863	1956	55,9	68,3
<b>Alls fjarnám 13</b>	<b>1884</b>	<b>5,20</b>	<b>9773</b>	<b>6888</b>	<b>196,8</b>	<b>70,35</b>
V14	694	5,30	3677	2492	71,2	67,8
S14	604	5,12	3092	2266	64,7	73,3
H14	512	5,29	2707	1719	49,1	63,5
<b>Alls fjarnám 14</b>	<b>1810</b>	<b>5,24</b>	<b>9476</b>	<b>6477</b>	<b>185,1</b>	<b>68,35</b>
V15	608	5,24	3187	2301	65,7	72,2
S15	940	4,09	3845	2840	81,1	73,9

H15	570	5,00	2851	1959	56,0	68,7
<b>Alls fjarnám 15</b>	<b>2118</b>	<b>4,67</b>	<b>9883</b>	<b>7100</b>	<b>202,9</b>	<b>71,84</b>
V16	574	5,04	2894	2046,2	58,5	70,7
S16	472	4,83	2280,4	1701,2	48,6	74,6
H16	403	5,25	2117,6	1531	43,7	72,3
<b>Alls fjarnám 16</b>	<b>1449</b>	<b>5,03</b>	<b>7292</b>	<b>5278,4</b>	<b>150,8</b>	<b>72,39</b>
V17	446	5,29	2361	1694,4	48,4	71,8
S17	475	5,12	2430	1880,4	53,7	77,4
H17	372	5,32	1980,2	1429	40,8	72,2
<b>Alls fjarnám 17</b>	<b>1293</b>	<b>5,24</b>	<b>6771,2</b>	<b>5003,8</b>	<b>143,0</b>	<b>73,90</b>
V18	544	5,07	2759,4	2015	57,6	73,0
S18	472	5,14	2424,8	1820,8	52,0	75,1
H18	384	4,73	1815,4	1296,8	37,1	71,4
<b>Alls fjarnám 18</b>	<b>1400</b>	<b>4,98</b>	<b>6999,6</b>	<b>5132,6</b>	<b>146,6</b>	<b>73,18</b>
V19	450	4,44	1996,8	1544,8	44,1	77,4
S19	431	4,73	2040	1575,8	45,0	77,2
H19	343	4,69	1607,4	1039,8	29,7	64,7
<b>Alls fjarnám 19</b>	<b>1224</b>	<b>4,62</b>	<b>5644,2</b>	<b>4160,4</b>	<b>118,9</b>	<b>73,7</b>
V20	411	4,67	1920	1460,4	41,7	76,1
S20	585	5,67	3316,2	2421,6	69,2	73,0
H20						

Tafla 7. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms á árunum 2006-2020  
Í þessari töflu eru gamlar einingar skráðar.

Dagskrá 29. janúar 2020

**8:30 Rauði salur**

Sigurlaug: Blásið til sóknar; hugleiðing um fjarkennslu.

GunnInga: Kynning á vinnustofum „Komdu í heimsókn“.

**9:10 Vinnustofu val númer 1 (20 mínútur). Velja skal eina vinnustofu.**

<b>Stofa 101</b>	Harry Potter, enskuáfangi. Uppbygging áfanga, samstarf kennara, rafrænt námsefni útbúið á einfaldan hátt með farsíum og öðrum tiltækum tólum. Stuttmyndböndin, myndbönd og hlaðvörp.	Ármann og Helga B
<b>Stofa 102</b>	Listnámskennsla í fjarnámi, talglærur útbúnað með Power Point	Unnur K
<b>Glitnir</b>	Uppbygging áfanga, rafræn námsefnisgerð með Snagit og Camtasia, vefsíður.	Sólveig

**9:40 Kaffiveitingar fyrir framan Rauða sal.**

**10:00 Vinnustofu val númer 2 (20 mínútur). Velja skal eina vinnustofu.**

<b>Stofa 101</b>	Enskuáfangar, skipulag áfanga, framsetning verkefna, endurgjöf til nemenda. Samskipti og virkni.	Ásta H
<b>Stofa 102</b>	Stærðfræðiáfangar, rafræn námsefnisgerð og framsetning efnis.	Hólmfríður
<b>Setustofa bak kaffistofu kennara</b>	Hagfræði í fagnámi verslunar og gagnvirkt námsefni útbúið með nýja sjónvarpsskjánum.	GunnInga

**10:30 Vinnustofu val númer 2 (20 mínútur). Velja skal eina vinnustofu.**

<b>Stofa 101</b>	Dönskuáfangar skipulagðir út frá þeim og vikum. Rafrænt námsefni vistað á vef.	Ingibjörg S
<b>Stofa 102</b>	Námsefnisgerð í spænsku	Hilda og Unnur S
<b>Glitnir</b>	Myndbandsupptök með Camtasia.	Halldór Ingi

**11:00 Rauði salur**

GunnInga: Skipt í hópa og verkefni lagt fyrir.

**11:10 Hópar vinna saman**

**11:45 Samantekt og lok vinnudags**

